

TÆKNILAUSNIR

FIMMTUDAGUR 3. NÓVEMBER 2011

Kynningarblað Snjallsímar, smáforrit, byltingarkenndar uppfinningar og nýjungar

40 prósent snjallsíma eru Nokia

Nokia hefur um 60 prósent markaðshlutdeild á farsímamarkaðinum í heild, samkvæmt nýlegri könnun Capacent Gallup, og 40 prósent markaðshlutdeild á snjallsímamarkaðinum. **Þorsteinn Þorsteinsson**, vörustjóri Nokia hjá **Hátækni**, segir það ekki koma á óvart, sérstaklega í ljósi þess að Nokia hafi tekið vel við sér síðastliðna mánuði og bjóði upp á ýmsar viðbætur og magnaðar nýjungar.

Symbian ekki að líða undir lok

Þrátt fyrir sterka markaðsstöðu segir Þorsteinn að misskilnings hafi gætt um að Symbian stýrikerfið, sem er stærsta stýrikerfið fyrir Nokia snjallsíma, sé að líða undir lok. „Það er alrangt en Nokia hefur gefið það formlega út að Nokia snjallsímar með Symbian stýrikerfi verði framleiddir til að minnsta kosti 2015 og að stuðningur við kerfið verði að minnsta kosti í tvö til þrjú ár eftir að framleiðsla er hætt, ef henni verður á annað borð hætt enda er kerfið að taka svo mikið stökk um þessar mundir.“ Þorsteinn segir þennan tíma eins og fimmtú ári í bíla-bransanum enda verða gríðarlegar breytingar í farsímaheiminum ekki bara árlega heldur ársfjórðungslega. Þorsteinn segir að misskilninginn megi rekja til þess að Nokia tilkynnti fyrr á þessu ári að þeir myndu taka upp Windows Phone stýrikerfið. „Það þýðir hins vegar ekki endalok Symbian eins og margir virðast halda.“

Þorsteinn getur þess að Symbian sé ennþá stærsta og mest notaða stýrikerfið í snjallsíma í fimm stærstu Evrópulöndunum; Bretlandi, Ítalíu, Þýskalandi, Frakklandi og á Spáni samkvæmt tölum sem birtust í danska farsíma-blaðinu Mobile fyrir skemmstu.

Nýjar uppfærslur

Nýverið setti Nokia á markað uppfærslu fyrir Symbian stýrikerfið sem hefur fengið nafnið Symbian Belle. „Við það hefur hraðinn og viðmótið gerbreyst og eru símar með Symbian Belle fullkomlega á pari við Android farsíma. Er það mat manna að með þessu sé Nokia að rísa upp á afturlappirnar hvað snjallsíma varðar og sýna hvað í þeim býr en mörgum þótti þeir sofa á verðinum á árunum 2008 til 2010. Symbian Belle breytir því svo um munar,“ segir Þorsteinn.

Nokia 701, einn nýjasti snjallsíminn frá Nokia er búinn Symbian Belle en uppfærslan er væntanleg í flestalla nýjustu Symbian símana á markaði. Í Nokia 701 er að finna nýjungar eins og NFC og fullkominn skjá sem má nota undir miklu sólarljósi, sem hefur að sögn Þorsteins verið vandamál í mörgum öðrum snjallsímum. Hann segir Symbian Belle væntanlegt í Nokia C7, E7, C6-01 og N8 sem er mjög vinsæll snjallsími. „Hann kom á markað fyrir um ári síðan og enn í dag er hann sá sími sem búinn er bestu farsímamyndavélinni á markaði.“

Nokia N9, sem var að koma á markað, er að sögn Þorsteins undrataekið hvað varðar útlit og getu og hafa blaðamenn Engadget látið þau orð falla að hann sé líklega fallegasti sími sem nokkru

Með nýju Symbian Belle stýrikerfi er Nokia alveg á pari við Android-farsíma. Framleiðandinn er auk þess kominn lengst í hönnun NFC-síma.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sinni hefur verið framleiddur. „Hann fær alls staðar hæstu einkunn og er hraðinn og getan meiri en áður þekkt auk þess sem skjáinn er hreint undraverður. Síminn er án nokkurs vafa sá allra öflugasti þegar kemur að multi-task getu og getur hann auðveldlega keyrt upp í 100 forrit í einu án þess að hiksta. Eins hafa að minnsta kosti tvö dönsk farsímafyrirtæki lýst því opinberlega yfir að loftnetið í honum sé betra en nokkuð annað og að síminn haldi góðu sambandi þar sem aðrir verða sambandslausir,“ segir Þorsteinn. „Nokia N9 kemur með flestu vinsælustu smáforritin innbyggð úr kassanum, forrit eins og Nokia Maps, Angry Birds, Facebook, Twitter og Skype

en auk þess eru þúsundir annara forrita í boði í Nokia Store. Stýrikerfið í N9 byggir á Linux rétt eins og Android og því hægt að fá meirihluta Android forrita í símann.

Fjöldi öflugra smáforrita

Yfir 60 þúsund smáforrit eða apps eru til fyrir Nokia snjallsíma og eru íslensk smáforrit eins og ja.is, Rúv og Mbl öll komin í Nokia Store. Vinsælustu smáforritin eru Facebook, Angry birds, Nokia Maps, Shazam, SportsTracker og Foursquare. Þorsteinn segir Nokia Maps það forrit sem líklega nýtist notendum Nokia hvað best, og án efa það verðmætasta fyrir þá. „Þarna er um að ræða fullkomið staðsetningar- og leiðsögukerfi sem er innbyggt í alla

Nokia snjallsíma. Það er sambærilegt við leiðsögukerfið Garmin enda er notast við sama kortagrunn. Kortagrunnurinn kemur frá Navteq sem er í eigu Nokia. Þó ber að taka fram að Nokia Maps er eingöngu götukort en ekki ætlað til notkunar á t.d. fjöllum eða utanvegum. Munurinn á Nokia Maps og Garmin er þó sá að kortauppfærslur koma sjálfkrafa í Nokia Maps og eru notendum að kostnaðarlausu ásamt raddleiðsögn á íslensku.“ Amk tvær stórar uppfærslur á íslandskortinu hafa t.d. komið á þessu ári.

Þorsteinn segir marga velta fyrir sér muninum á Nokia Maps og Google Maps sem er í öllum Android og iPhone símunum. „Hann er sá að Nokia Maps er hægt að nota án

nokkurs niðurhals því kortin eru innbyggð í símann. Í Google Maps þarf að hala kortunum niður með tilheyrandi kostnaði og getur notkun Google Maps erlendis beinlínis verið varasöm. Nokia Maps er hins vegar hægt að nota hvar í heiminum sem er án þess að því fylgi aukin kostnaður.“ Annar stór munur á Nokia Maps og Google maps er sá að Nokia býður upp á raddleiðsögn á meðan slíkt er ekki í boði fyrir Google Maps nema í örfáum löndum. Ísland er ekki þar á meðal.

Þorsteinn segir mikinn hag í því fyrir íslensk fyrirtæki sem búa til smáforrit að útbúa þau bæði fyrir Android og Nokia. „Í ljósi þess að Nokia er með 40 prósent markaðshlutdeild á snjallsímamarkaðinum er með þeim hætti hægt að ná til 85 prósent markaðarins.“

NFC og fleiri nýjungar

Þegar kemur að nýjungum nefnir Þorsteinn NFC síma en þar er Nokia komið lengst á veg hvað varðar þróun farsíma og aukahluta sem styðja NFC. „Kerfið virkar þannig að hægt er að flytja gögn á milli síma og annarra tækja með einni snertingu. Þannig er hægt að flytja mynd af einum síma á annan með því að láta símana snertast. Eins er þörun á Bluetooth tækjum framkvæmd með snertingu í stað PIN kóða. En NFC kerfið er einnig hugsað fyrir kreditkortagreiðslur og er hugmyndin að hægt sé að greiða með símanum með því einfaldlega að snerta posa sem eru búnir sama kerfi. Íslendingar munu kynnast þessu von bráðar en Visa Europe tilkynnti það fyrir nokkrum vikum að Ísland yrði þrífumarkaður fyrir NFC greiðslukerfið,“ segir Þorsteinn.

Hann segir Windows Phone síðan væntanlegt á næsta ári. „Symbian verður eftir sem áður í ódýrari gerðum af snjallsímum en Windows Phone í dýrari. Mikið verður lagt upp úr gagnæðryggi en það hefur löngum verið Windows mikið hjartansmál. Symbian gerir það sömuleiðis en það er eina stýrikerfið á markaðnum sem er með hardware dulkóðun.“ Þorsteinn segir hættuna á vírusum í Android mjög umtalaða í bransanum, enda mjög opið, og þarf t.d. Google að eyða allt að 40 til 50 forrit í hverri viku úr Android market. Það sama á ekki við um Nokia og Apple en bæði fyrirtækin prófa öll smáforrit áður en þau eru sett þar inn. Öryggismál í farsímum eru að komast meira og meira í umræðuna og áriðandi er fyrir fyrirtæki ogt einstaklinga að hafa slíkt í huga „Ég er sannfærður um það að í framtíðinni munu fyrirtæki velja Windows Phone öryggisins vegna.“

Bandaríski vélaverkfræðingurinn Christopher Latham Sholes fann upp ritvélinu árið 1868. Með tíð og tíma fengust rafmagnsritvélar en nú til dags hafa tölvur og prentarar leyst ritvélar af hólmi.



Þótt faxvélar hafi verið fundnar upp fyrir löngu urðu þær ekki vinsælar fyrr en upp úr 1980. Þær gjörbreyttu samskiptum og aðferðum við sendingu skjala manna í millum.



Chester Carlson fann upp ljósritunartækni, Xerography, árið 1937 en það tók átta ár að finna framleiðanda. Fyrstu Xerox-vélarnar komu á markað á sjötta áratugnum.



Margir uppfinningamenn komu að þróun tölvunnar, sem er flókin vél samsett úr hlutum sem allir eru taldir einstakar uppfinningar í sjálfu sér.



Reiknistokkar voru notaðir áður en reiknivélar litu dagsins ljós, en þær voru himnasending bókurum flestra fyrirtækja. Fyrstu reiknivélinu fann William Seward Burroughs upp í Missouri árið 1885.

TÆKNIN LÉTTIR LÍFIÐ

Skrifstofustörf og dagleg samskipti fyrirtækja urðu léttari með mikilvægum tækninýjungum sem litu dagsins ljós á liðnum öldum. Á myndunum sjást þau helstu sem flest þykja enn ómissandi í rekstri fyrirtækja.

Árið 1870 fann Alexander Graham Bell upp símtæki sem gat flutt hljóð á rafrænan hátt og fékk í kjölfarið einkaleyfi á síma. Enn í dag er sími fyrsta tæknitól sem fyrirtæki fær sér og algjörlega ómissandi tæki í daglegum rekstri.



Nikon 1



I AM | THE NIKON 1



ÉG ER NÝJA HÁPRÓAÐA MYNDAVÉLIN MEÐ SKIPTILINSUM.

At the heart of the image **Nikon**

FYRSTA ALVÖRU TÖLVUPADDAN

Á ensku kalla menn minniháttar tölvuvirusa „computer bugs“ eða tölvupöddur. Ástæðuna fyrir þessari nafngift má rekja allt aftur til ársins 1947 þegar óskýrðir erfiðleikar komu upp í tölvu-kerfi háskólans á Long Island í Bandaríkjunum. Tæknimenn þess tíma stóðu ráðþrota frammi fyrir vandamálinu en við nákvæma skoðun á tölvubúnaðinum kom í ljós að mölflugan hafði komist inn í tölvuna. Hún var veidd út úr tölvunni með flísatöng og tölvan varð jafngöð og áður. Flugan var varðveitt og er enn geymd í höfuðstöðvum tölvuvers háskólans. Síðan hafa þessir hnökur í tölvum verið kallaðir computer bugs eða tölvupöddur.



HUGMYNDARÍK HÖNNUN

Bandaríska tölvufyrirtækið Google opnaði nýjar skrifstofur í húsnæðinu „Binoculars Building“ eða Sjónaukahúsinu í Los Angeles fyrr á árinu.

Byggingin hefur vakið athygli fyrir ýmsar sakir, meðal annars fyrir sérstæða höggmynd sem stendur þar fyrir utan og líkist sjónauka. Listamennirnir Claes Oldenburg og Coosje van Bruggen eiga heiðurinn að höggmyndinni en arkitektinn Frank Gehry hannaði sjálf táknaðið.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktf@365.is s. 512 5411.

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SIÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skopavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsnæðing, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistækni, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum. Kaupþing, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Spærkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistækni, Reykjanesbær. Hagkaup, Njarðvík.



„Við sáum að við gátum einbeitt okkur að okkar starfsemi og gert það sem við gerum best,“ segir Emil Grímsson, stjórnarformaður Arctic Trucks.

Arctic Trucks einfaldaði rekstur sinn með alrekstri Opinna kerfa

Sérfræðingar **Opinna kerfa** mynda eiginlega tölvudeild **Arctic Trucks**. Þeir ganga í öll hefðbundin störf kerfisstjóra hvað varðar umsjón, ráðgjöf og áætlanagerð. Arctic Trucks gerði nefnilega samning við Opin kerfi um svokallaðan alrekstur sem snýst um rekstur og umsjón tölvukerfanna.

Við hefðum þurft að ráða starfsmann til að annast tölvumálin en sáum okkur hag í að leita til Opinna kerfa og geta sótt í sterkt net sérfræðinga þar. Þá er kostnaður við rekstur kerfisins 90% ljós fyrir fram,“ segir Herjólfur Guðbjartsson, fjármálastjóri Arctic Trucks, en fyrirtækið gerði samning við Opin kerfi um svokallaðan alrekstur. Sá samningur felur í sér útvistun á rekstri og umsjón upplýsingatæknikerfis Arctic Trucks til Opinna kerfa.

Sérfræðingur frá Opnum kerfum hefur fasta viðveru hjá Arctic Trucks, samkvæmt skilgreiningu í samningnum, og er tengiliður milli fyrirtækjanna. Herjólfur ber lof á samstarfið. „Tengiliðurinn hefur sett sig inn í umhverfi okkar, kynnst fólkinu, skipulagsheildinni og okkar þörfum. Hann veitir okkur ráðgjöf og hefur frumkvæði að nýjum verkefnum og lausnum sem hann telur að gagnist okkar starfsemi. Auk þess sinnir þjónustu- og tækniborð Opinna kerfa hvers kyns verkefnum sem koma upp hjá okkur og kallar til aðra sérfræðinga eftir því sem ástæða þykir til.“

Herjólfur segir þjónustu- og viðskiptastjóra alreksturs Opinna kerfa funda reglulega með fulltrúum Arctic Trucks til að fara yfir stöðuna og stuðla að framþróun samstarfs. Slíkir fundir leiði oft til breytinga og nýrra verkefna enda sé alrekstur Opinna kerfa einkar sveigjanleg lausn sem sé aðlöguð að aðstæðum og þörfum hverju sinni.

Emil Grímsson, stjórnarformaður Arctic Trucks, tekur undir það með Herjólfu að samningurinn hafi reynst vel. „Alrekstur Opinna kerfa stóð upp úr öðrum lausnum hvað varðar einfaldleika og hagkvæmni því þar fengum við heildarpakka. Við sáum að við gátum einbeitt okkur að okkar starfsemi og gert það sem við gerum best. Opin kerfi sjá um tölvukerfið.“



Arctic Trucks hefur tekið þátt í mörgum stórum leiðöngrum á heimsvísu. Hér er fagnað á pólnum 2008.

Sagan

Arctic Trucks var stofnað árið 2005 en hafði fram að því verið hluti af Toyota. Sögu þess má rekja til ársins 1990 þegar Toyota á Íslandi bauð upp á breytingar á fjórhjóladrifnum ökutækjum, ætluðum til ferðamennsku eða annarrar atvinnustarfsemi á torfærum slóðum. Fyrirtækið byggir á áralangri reynslu og er viðurkennt á heimsvísu fyrir sérþekkingu á slíkum breytingum.

Arctic Trucks hefur frá upphafi unnið að lausnum fyrir áhugamenn um jeppa og ferðalög. Fyrirtæki í ferðþjónustu, síma- og orkufyrirtæki sem og björgunarveitir eru einnig á meðal viðskiptavina. Höfuðstöðvar Arctic Trucks eru á Íslandi en fyrirtækið er einnig með starfsstöðvar víða og rekur

nú breytingaverkstæði í níu löndum. Það sérhæfir sig einnig í sölu og breytingum á ökutækjum fyrir her- og varnarlið.

Arctic Trucks hefur tekið þátt í mörgum stórum leiðöngrum á heimsvísu, meðal annars á Suðurskautslandið, á norðurpólinn, yfir Grænlandsjökul og um eyðimerkur Dubai.

„Þegar Arctic Trucks varð sjálfstætt fyrirtæki árið 2005 þurfti að byggja upp alla innviði þess frá grunni. Það er umtalsverð fjárfesting fyrir nýtt fyrirtæki,“ segir Herjólfur fjármálastjóri og heldur áfram. „Með alrekstri frá Opnum kerfum fengum við þjónustu sérfræðinga, nauðsynlegan tæknibúnað, hugbúnað og tryggan rekstur á hagkvæman máta.“



FYRIRKOMULAGIÐ

Til þess að lágmarka stofnkostnað setti Arctic Trucks allar útstöðvar og miðlægan búnað á þriggja ára rekstrarleigusamning.

Öll nauðsynleg stöðþjónusta, svo sem Microsoft Small Business Server, Microsoft Dynamics Nav bókhaldskerfi, aðgangsstýring og skráarþjónusta er keyrð á einum HP ML350 G5 netþjóni sem er staðsettur í höfuðstöðvum Arctic Trucks. Cisco-beinir með ASA-eldvegg tengir fyrirtækið við umheiminn og ver tölvukerfið gegn óvelkominni netumferð. Regluleg afritataka fer fram með OK-netafrítun sem tryggir afritun utan síðu og gerir gögn aðgengileg hvar sem er.

Útkoma

Líftími kerfa er hámarkaður með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Frávik í rekstrarkostnaði upplýsingakerfa eru lágmarkuð.

Arctic Trucks hefur beinan aðgang að sérfræðingum Opinna kerfa sem veita viðeigandi ráðgjöf og þjónustu.

Fjárfestingarþörf Arctic Trucks er lágmarkuð með hámarksnýtingu á fyrirbyggjandi forða og búnaði.



Orðið mús fyrir tölvubendil kom fyrst fram fyrir 46 árum.

MÚSAGANGUR Í TÖLVUM

Notkun á orðinu mús yfir benditæki fyrir tölvu kom fyrst fram á prenti árið 1965 í „Computer-Aided Display Control“ eftir Bill English. Tveimur árum áður en ritið kom út hafði Bill unnið með Douglas Engelbart að þróun bendiútbúnaðar sem Engelbart hafði fundið upp. Þeir kölluðu hann „mús“ þar sem snúra sem kom út úr tækinu minnti þá á skott. Þeir kölluðu einnig bendilinn sem músin stýrir á skjánum „pöddu“ en það festist ekki í sessi. sjá: www.todayifoundout.com




Alexander Graham Bell fann upp talsímann.

VÍSIR AÐ TÆKNIÞRÓUN TUTTUGUSTU ALDAR

Iðnbyltingin var tímabil sem hófst í Bretlandi seint á 18. öld og hafði í för með sér ýmsar breytingar, þar á meðal fólksfjölgun og tækninýjungar. Þannig varð bylting í framleiðsluháttum í vefnaðariðnaði, einkum með tilkomu gufuvélarinnar sem var einnig nýtt í nýrri kynslóð samgangna, í eimreiðum og gufuskipum. Um miðbik nítjándu aldar og þar til skömmu eftir aldamótin 1900 komu einnig fram ritsími Samuels Morse, talsími Alexanders Graham Bell, loftskýtatækni Guglielmo Marconi, vélfluga Wright-bræðra og loks færifandaframleiddir bílar Henry Ford. Var þar með kominn vísir að tækniþróun tuttugustu aldar.

Heimild: wikipedia.org



HVAÐ ER XML?

Skammstöfunin XML stendur fyrir „eXtensible Markup Language“, sem er sveigjanlegur staðall til að lýsa gögnum. Staðallinn samanstendur af örfáum reglum varðandi uppbyggingu skjala með aðstoð merkja og er sveigjanlegur, þar sem notandinn getur á einfaldan hátt búið til sínar eigin skilgreiningar. Einn helsti tilgangur XML er að aðskilja útlit og innihald gagna á stafrænu formi – sérstaklega á vefnum, en einnig í öðrum geirum stafrænnar gagnavinnslu.

Heimild: visindavefur.hi.is



WHAT HI-FI? SOUND AND VISION AWARDS 2011



Hið virta tímarit What Hi-Fi veitti sín árlegu verðlaun fyrir bestu tæki ársins 2011 fyrir skemmstu.

Panasonic gerði sér lítið fyrir og vann til fjölda verðlauna.

Besta sjónvarpið yfir 52" - Panasonic TXP55VT30

"Seriously good in so many ways, the VT30 has set the benchmark at this screen size."

Besta 50-52" sjónvarpið - Panasonic TXP50GT30 Smart Viera

"Everything about the television is impressive, from the ease with which to set it up to the amazing picture quality, the whole package screams quality."

Besta 46-47" Sjónvarpið - Panasonic TXP46GT30 Smart Viera

"This versatile 46in plasma is our favourite TV at this screen size - a worthy Award winner."

Besta hágæða 40-42" sjónvarpið - Panasonic TXP42GT30 Smart Viera

"You won't find a TV more deserving of a Product of a Year than this"



Panasonic
ideas for life

Besti Blu-ray spilarinn - Panasonic DMPBDT210

"The jewel in Panasonic's crown is undoubtedly the DMP-BDT210. No other player at this money can match it."

Besta Heimabíóið - Panasonic SCBTT370

"Panasonic has produced yet another highly polished all-in-one system."



Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍK/KURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Sméralind. VESTURLAND: Hjómssýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandí. Skipavík, Stykkishólmur. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsvík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupþún, Vopnafirði. KF Héraðsbúá, Seyðisfirði. Spærkaup, Fáskrúðfirði. Nettó, Hófn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossvafn, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbær. Hagkaup, Njarðvík.